

Ed.

128. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907 um fræðslu barna.

Flutningsmenn: Karl Finnbogason og Karl Einarsson.

16. gr. orðist svo:

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju skólahjæraði og fræðsluhjæraði. Próf þetta er fullnaðarpróf, og skulu til þess koma öll þau börn, sem eru fullra 14 ára að aldri, og eigi hafa áður lokið lögskipuðu námi. Í skólahjæruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðsluhjæruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkenslu eða eftirlits með heimafræðslu, eða, ef slíks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til þess. Við próf þetta skal jafnan vera prófdómari skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðist úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af kennara eða þeim, sem prófið heldur, og prófdómara. Að loknu prófi skal prófdómari senda skólanefnd eða fræðslunefnd álit sitt skriflegt um barnafræðsluna í hjæraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála.

Próf skal halda að vorinu, og ákveður prófdómari stað og tíma í samráði við skólanefnd eða fræðslunefnd.

Nú kemur 14 ára barn, sem eigi hefir lokið fullnaðarprófi, ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefir til framfærslu, sektum frá 2—20 kr. eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar eða fræðslunefndar. Sektir renna í sveitarsjóð.